

Nd.

213. Frumvarp

til laga um stöðning ríkisins til aðalframræsluskurða.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Ólafsson.

1. gr.

Úr ríkissjóði skal árlega veita 150 þús. kr. til kaupa og starfrækslu á skurðgröfum, er séu við hæfi hér á landi.

2. gr.

Umsjón og starfræksla skurðgrafna þeirra, er ríkið á nú og keyptar verða, skal falin Búnaðarfélagi Íslands, en það skal hafa í sinni þjónustu mann, er hefir sérþekkingu í þeim efnun.

3. gr.

Búnaðarfélagi Íslands skal falið að láta gera mælingar, kort og áætlanir á þeim svæðum, þar sem áhugi er fyrir slíkum framkvæmdum.

4. gr.

Nú hafa kort og áætlanir verið gerðar á einhverju svæði. Geta þó bændur á hlutaðeigandi svæði myndað með sér landþurkunarfélög samkv. 82. gr. vatnalaganna frá 1923, og skal með stofnun þess félagsskapar og starfræksln að öllu farið eftir fyrirmælum vatnalaganna.

5. gr.

Nú er landþurkunarfélag myndað samkv. 4. gr. Ber því þá réttur til, svo fljótt sem ástæður leyfa, að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánadar. Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds og sér um viðhald þeirra, en umsjónarmaður skurðgrafnanna ræður verkstjóra til þeirra. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um rekstur skurðgrafnanna.

6. gr.

Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafnanna, greiðir ríkið $\frac{1}{3}$. $\frac{1}{3}$ kostnaðar heimilast landþurkunarfélögunum að fá lánað. En $\frac{1}{3}$ skulu landeigendur leggja fram sjálfir um leið og verkið er framkvæmt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er talið að á landi voru sé allt að 1 millj. ha. mýrlendi. (Túnin eru 25000 ha.). Þessar mýrar hafa frá alda öðli legið óhreyfðar. Á nokkrum stöðum hefir náttúran myndað þar ágætar engjar, en meginhlutinn er þýfður og snögg-lendur. Á umliðnum öldum hefir safnast í mýrarnar feiknin öll af jurtanærandi frjóefnunm. Þessi frjóefni eiga sína að rekja annað tveggja til jurtaleifa eða steinefna. Jurtaleifar (sina) verða eftir í mýrunnm árlega og mynda þar að síðustu þykkri eða þynnri lög. Í þessum jurtaleifum eru mikil frjóefni. Verðmætast er köfnunarefuið, sem nú er keypt dýrum dómum í saltpétri og öðrum köfnunarefnisábnrði. Meðan jurtaleifarnar geymast í votum mýrum, eru frjóefnin þar í svo torleystum samböndum, að þan verða eigi gróðrinum að notum. En frjóefnin safnast saman, liggja þar sem í forðabúri, sem er harðlæst. Í mýrunnm á land vort mestan frjóefnaforða. Séu nú mýrarnar ræstar fram, svo efsta lagið,

sem rætur jurtanna greinast um, þorni og loftið komist niður í það, breytast efnasamböndin í mýrnum, torleystu samböndin verða að andleystum samböndum, nothæfum fyrir lifandi gróður. Hve mikinn forða vér eigum í mýrunum af frjómagni, sést ljósaast af því, að í því lagi, sem rætur jurtanna greinast um, er talið að vera svo mikið af köfnunarefni einu, að nægilegt sé í 100—200 ár handa þroskamiklum jurtagróðri, sem árlega er fluttur í burtu, það er að segja, ef torleystu samböndin geta breytzt í andleyst sambönd. Á þennan hátt verður framræsla lykill að því frjóefnamagni, sem nú geymist í fcrðabúri mýranna. Þessi breyting er húsvegjar hægjara, einkum vegna þess, að veðráttufar er hér kalt, og framræslan þarf að verka um langan tíma svo að gagni komi.

Önur frjóefni mýranna eiga rót sína að rekja til steinefnanna. Þau hafa flutzt út yfir mýrarnar annað tveggja með vatni eða vindurinn hefir seykt þeim, einkum á þeim stöðum, þar sem uppblástur hefir verið. Óskufall hefir og á vissum tímum dreift steinefnum um land allt. Íslensku mýrarnar eru hlutfallslega ríkar af steinefnum og því vel fallnar til ræktunar.

Af framangreindum ástæðum þykir oss tími til kominn, að hafzt verði nú handa með framræslu á mýrunum, svo bændum lands vors verði gert mögulegt að notfæra sér þann mikla næringarforða, sem þar liggur. Til stuðnings þessu mætti ennfremur tilfæra, að það er almennt viðurkennt, að þar sem stórum mýraflákum er breytt í þurrlendi, þar breytist einnig loftslagið, þar verður hlýrra á þurrlendinu en vollendinu. Sagt er, að þetta geti munað 1—2° C. fyrir sumarmánuðina.

Því miður eru eigi til sérstakar mælingar á hinum ýmsu mýrum og flóum viðsvegjar um land, en þær eru meiri og minni í öllum sýslum landsins. Vér skulum benda á nokkur svæði, er hér gætu komið til greina, og byrjum vér þá sem venja er til í Árnassýslu. Þar eru miklar mýrar í Biskupstungum, Ölfusi og víðar. Áveitusvæðin nefnum vér elgi í þessu sambandi. Í Rangárvallasýslu eru geysistór mýrarflæmi, t. d. í Holtunum, Safamýri, í Þykkvabæ, Landeyjum og undir Eyjafjöllum. Í Skaftafellssýslum eru mýrarnar eigi eins víðáttumiklar. Þó eru allmiklar mýrar í Mýrdal, Álftaveri, Hornafirði, Lóni og víðar. Í Múlasýslum eru mýrar í nánd við Djúpavog, í Breiðdal, á Héraði, í Borgarfirði, Vopnafirði og víðar. Í Þingeyjarsýslum má nefna hin miklu mýrasvæði á Langanesi, í Óxarfirðinum, í Kelduhverfinu og víðar. Í Eyjafirði eru Staðarbyggðarmýrar alkunnar, svo og Kræklingahlíðin o. fl. Í Skagafirði er mikill hluti hins mikla undirlendis mýrlendi, sem á ýmsum stöðum teygir sig upp að fjallsrótum. Allir vita um hinar mikni mýrar í Húnavatnssýslu, í Ásum, út í Vindhælishrepp, í Þinginu, Hrutafirðinum og víðar. Í Strandasýslu eru eigi stór mýrasvæði. Allmikið er þó af mýrum í Hrutafirði, inn af Steingrímsfirði, í Trékyllisvík og víðar. Í Ísafjarðarsýslu eru minni mýrasvæði á víð og dreif um sýsluna. Svo er við Ísafjarðardjúp í Álftafirði, Bolungavík, Önundarfirði, Dýrafirði og víðar. Í Barðastrandarsýslu eru minni mýraflákar við Arnarfjörð, en stórir á Randasandi, Barðaströnd, Reykhólasveit og víðar. Í Dalasýslunni eru geysistórar mýrar í nær öllum sveitum. Í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu má einkum benda á mýrarnar í Breiðavík, Staðarsveit og í Hnappadalssýslunni. Í Mýrasýslu eru einhver hin

mestu mýraflæmi á landi hér. Í Borgarfjarðarsýslu er einnig mikið af mýrnm og í Gullbringu- og Kjósarsýslu eru einkum mýrarnar í Kjós áberandi.

Af þessum stutta yfirliti er það ljóst, að mýrarnar á landi voru eru geysilega víðlendar, en sem sakir standa fæða þær tiltölulega fáan búpening. Ef allar mýrarnar væru gerðar að ræktuðu landi, segjum 1 millj. ha., gæfi það land fóður handa 1 milljón mjólkurkúa. Í Danmörku er 1,5 millj. mjólkurkúa. Þetta sýnir hina miklu möguleika, sem land vort hefir að geyma, aðeins ef dáð og dngnr er til að nota þá.

Í hinum stærri mýrarflóum er nauðsyn á stórum aðalframræsluskurðum, sem hið minna skurðakerfi er svo aftur tengt við. Hið fyrsta verk, sem þarf að gera, er aðalsknrðurinn. Þá þeir eru gerðir, er aftur hægt að hefjast handa með framræslu á minni svæðnm. Með lögum þessum er ætlað til, að undirbúningur og framkvæmd verði hafin með framræslu mýranna, og við þetta starf verði notaðar nýttizkuvélar og þekking.

Búnaðarfélaginu, eða þeim mönnum, sem hafa aðalumsjón með jarðyrkjumálum, er ætlað að hafa aðalumsjón með þessum framkvæmdum. Fyrst og fremst með allar mælingar og kortagerð og áætlanir um sknrðagerðina. Síðar um starfrækslu vélanna. Ætlað er til, að þau svæði, sem bezt liggja við þessum framkvæmdum, verði tekin fyrst, og svo hvað af öðrn.

Þessar framkvæmdir verðnr að skoða sem undirbúning þess, að gera landið byggilegra og svo íbúnum verði hægra að notfæra sér þau gæði, er fóstnrjörðin geymir.

Því teljum vér það réttmætt, að ríkið leggi hér árlegan skerf til. Við þessar framkvæmdir vinnst reynsla smátt og smátt. Mönnnm lærist að nota hentngar vélar og starfsaðferðir, og skiptir þetta miklu fyrir framtíðarræktun lands vors.